

# Landsmót ÆSKP á Hvammstanga 2014

## Skýrsla landsmótsstjóra

**Inngangur:** Aðdragandi landsmóts á Hvammstanga var frekar skammur. Á landsmóti í Reykjanesbæ í október 2013 var tilkynnt að næsta Landsmót yrði á Ísafirði. Þegar langt var liðið á sl. vetur komst stjórn ÆSKP að þeirri niðurstöðu að það yrði of dýrt að halda mótið á Ísafirði. Í byrjun maí var haft samband við undirritaðan annars vegar varðandi að taka á móti mótinu og hins vegar að gegna landsmótsstjórastöðu. Eftir stutta umhugsun var ákveðið að láta slag standa með hvort tveggja.

### Landsmótsnefnd ÆSKP 2014 var þannig skipuð:

Magnús Magnússon	<i>landsmótsstjóri og tengiliður á staðnum</i>
Eva Björk Valdimarsdóttir	<i>framkvæmdastjóri ÆSKP</i>
Sigurvin Jónsson	<i>umsjón með fræðslumálum og ritari ÆSKP</i>
Rakel Brynjólfsdóttir	<i>hópastarf og karnival</i>
Guðmundur Karl Einarsson	<i>skráning og tæknimál</i>
Hafþór Freyr Líndal	<i>upplýsingaborð og sjoppa</i>
Katrín Helga Ágústsdóttir	<i>umsjónarmaður sjálfbóðaliðahóps</i>
Þóra Björg Sigurðardóttir	<i>hæfileikakeppni</i>

### Húnaþing vestra - fundir landsmótsnefndar

Í lok maí kom stjórn og framkvæmdastjóri ÆSKP norður á Hvammstanga að skoða aðstæður. Var grunnskólinn, leikskólinn, íþróttamiðstöðin, félagsheimilið, félagsmiðstöðin og kirkjan skoðuð og fundað í safnaðarheimilinu í framhaldinu og landsmótsnefndin endanlega skipuð. Landsmótsstjóri hafði þá þegar fundað með sveitastjóra og oddvita og öllum forsvarsmönnum viðkomandi skóla, miðstöðva og heimila. Síðan byrjuðu nefndarmenn að vinna hver á sínu sviði. Aftur komu framkvæmdastjóri/aðstoðarmótsstjóri og fulltrúar úr stjórn ÆSKP norður í Húnaþing í byrjun september til þess að skoða aðstæður og funda. Var þá skoðað húsnæðið í Laugarbakkaskóla í Miðfirði sem hafði bæst við sem mögulegt gistihúsnæði frá því í heimsókninni í maí. Allt gistrými í Húnaþingi vestra fékkst endurgjaldslaust sem og íþróttahúsið. Greitt var fyrir starfsmann í íþróttamiðstöð, sundlaugarnotkun, afnot af félagsheimili.

### Helgihald

Sr. Magnús landsmótsstjóri og Eva Björk framkvæmdastjóri ÆSKP önnuðust undirbúning helgihalds mótsins. Sr. Jón Ómar Gunnarsson annaðist helgistund á föstudagskvöldið og sr. Sigríður Rún Tryggvadóttir á laugardagskvöldið. Sr. Magnús leiddi lokamessuna en fékk sér til fulltingis fulltrúa úr prestasamfélaginu í héraði, leiðtoga og unglunga úr Æskulýðsfélagi Hvammstangakirkju og fulltrúa frá ÆSKP. Sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir prédikaði og lýsti blessun.

### Fræðsla

Yfirskrift fræðslunnar á landsmóti var JÁ! Fræðslan fjallaði að þessu sinni um kynhegðun og kynheilbrigði. Sr. Sigurvin Jónsson hafði umsjón með fræðslunni og fékk sér til aðstoðar Sigríði Dögg Arnardóttur kynfræðing og Þorbjörgu Sveinsdóttur sálfræðing og starfsmann Barnahúss. Í máli þeirra var m. a. tekið á málum á borð við klámmenningu, kynferðisofbeldi og notkun getnaðarvarna.

## **Matur**

Allur matur á mótinu var í höndum kvenfélaganna í Húnaþingi vestra og fóru allar meginmáltíðir fram í Félagsheimili Hvammstanga en þeir sem gistu á Laugarbakka fengu morgunmat á Laugarbakka. Sáu kvenfélagskonur um allan matarundirbúning, framreiðslu, frágang og uppvaske og var gerður góður rómur að matseld þeirra og jákvæðu og glaðlegu viðmóti.

## **Tæknimál**

Tæknimál mótsins voru í höndum heimamanna Sigurvalds Ívars Helgasonar og Gunnars Ægis Björnssonar.

## **Rútur**

Hóperðir Inga sáu um að koma þátttakendum til og frá mótsstað líkt og fyrri ár. Allar rútuferðir gengu óhappalaust fyrir sig og er það þakkarvert þar sem bæði var um langan veg að fara fyrir flesta og einnig hitt að snjóþekja var á vegum yfir landsmótsdagana.

## **Upplýsingar fyri mót og skráning**

Sendar voru út upplýsingar í tölvupósti reglulega. Einnig voru allar upplýsingar vel aðgengilegar inni á heimasíðu sambandsins og leiðtogum bent þangað. Skráning á mótið fór fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi líkt og áður. Innskráning hópa á mótið fór einnig fram rafrænt í kjölfar mótssetningar.

## **Sjálfbóðaliðahópur**

Sjálfbóðaliðahópurinn taldi 16 manns og starfaði við landsmót í samstarfi við landsmótsnefnd. Þetta eru lögráða unglingar sem leggja mikla vinnu á sig við uppröðun fyrir og eftir mótið sem og óteljandi störf á meðan á mótinu stendur.

## **Söfnun á landsmóti og Hjálparstarf kirkjunnar**

Á landsmóti var safnað fyrir verkefni sem fellur undir alnæmisverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar sem stuðlar að forvörnum, aðhlyningu og stuðningi við alnæmissjúka og börn sem misst hafa foreldra af völdum sjúkdómsins. Allir fjármunir sem söfnuðust á mótinu s.s. í sjoppu og karnivali runnu í þetta alnæmisverkefni Hjálparstarfsins. Alls safnaðist 314.361 kr.

## **Styrkir**

Kirkjumálasjóður styrkti mótið um kr. 1.000.000. Héraðssjóður Húnavatns- og Skagafjarðar-prófestsdæmis styrkti mótið um kr. 200.000. Kaupfélag Vestur-Húnavetninga styrkti mótið um kr. 100.000. Sláturhús Kaupfélags Vestur-Húnavetninga styrkti mótið um kr. 100.000. Landsbankinn á Hvammstanga styrkti mótið um kr. 100.000. Er þessum aðilum færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn.

## **Dagskrá mótsins**

Umgjörð mótsins var með svipuðu sniði og verið hefur. Agnes M. Sigurðardóttir biskup Íslands setti mótið á föstudeginum sr. Guðrún Karlsdóttir stjórnarformaður ÆSKÞ flutti ávarp. Sr. Sigurvin Jónsson stjórnarmaður ÆSKÞ sleit mótinu að lokinni farblessun vígslubiskupsins á Hólum. *Sundlaugarparty* á föstudeginum heppnaðist vel og á sama tíma var *lofgjörðarstund* í Hvammstangakirkju og *myndbandssýning* í félagsmiðstöðinni fyrir þá sem það vildu.

*Hæfileikakeppnin* fór fram með svipuðum hætti og á fyrra ári og tókst ágætlega til að mati landsmótsnefndar. Engin undankeppni heldur bara ein keppni sem haldin var eftir Karnivalið á laugardeginum. Einnig gátu félögin greitt atkvæði og haft 50% vægi á móti dómnefnd og var það vel. *Hópastarf og karnival* gekk að mestu leiti vel og var dagskráin þar fjölbreytt og skemmtileg. Bæjar- og héraðsbúar komu og gerðu sér glaðan dag, keyptu veitingar og handgerða muni. Boðið var upp á 27 mismunandi hópa. Bæði hópar þar sem leiðtogar og prestar sáu sem unnu við karnivalið og eins hópar sem fóru út um héraðið og kynntust ferðaþjónustunni í héraði. *Hvíslhornið* var í höndum Sr.Sigríðar Rúnar Tryggvadóttur og mældist það vel fyrir líkt og fyrri ár. *Tónlist* var í styrkum höndum hljómsveitarinnar Sálmara sem áður hét Tilviljun? og hefur samstarfið við þau blómstrað með hverju árinu

#### **Mótið í tölum:**

**Þátttakendur á landsmóti :** 497 frá 33 kirkjum

**Leiðtogar:** 93

**Sjálfbóðaliðahópur:** 16

**Sálmari:** 9

**Landsmótsnefnd:** 7

**Gestir frá Úganda:** 6

**Tæknimenn:** 2

**Hönnun á veggspjaldi f.mót og Karnival (Guðrún Þóra Gunnarsdóttir):** 1

**Umsjónarmenn hópa (utanaðkomandi/ekki leiðtogar):** 9

**Prestar í Húnaþingi vestra:** 2

**Biskupar:** 2

**Fræðsla:** 2

**Húsverðir skóla og félagsheimilis:** 2

**Starfsfólk íþróttahúss:** 4

**Kvenfélagskonur:** 67

**Samtals:** 719

*Þá er ótalið ótalmargt fólk sem með einum eða öðrum hætti hjálpaði okkur að gera landsmót að veruleika, smiðir, bílstjórar og fleiri.*

#### **Lokaorð**

Þegar á heildina litið gekk mótið mjög vel og mega allir sem þar komu að una glaðir og sáttir við sitt. Ég vil flytja þakki til allra þeirra sem komu að mótinu með einum eða öðrum hætti. Leiðtogar og sjálfbóðaliðar eiga stóran þátt í að gera mót sem þetta mögulegt og við eigum sannarlega mikinn mannaud og margt góðra manna sem eru tilbúnir að leggja hönd á plóg þegar á reynir. Samstarf við Húnaþing vestra var í alla staði gott og hvar sem við komum mætti okkur velvild og vinátta. Starfsmenn sveitarfélagsins sem og fyrirtækja vítt og breitt um héraðið voru boðnir og búnir að aðstoða okkur á allan hátt og leystu úr öllum þeim málum sem upp komu. Starfsfólk skólanna, sundlaugar og íþróttahúss fá einnig góðar þakki fyrir velvild og gestrisni. Landsmót ÆSKÞ 2014 á Hvammstanga var vel heppnað mót sem við megum vera stolt af langt fram eftir kvöldi og ári.

Magnús Magnússon, landsmótsstjóri ÆSKÞ 2014